

3

HVAÐ ERU MANNRÉTTINDI





TAKTU AFSTÖÐU UM MANNRÉTTINDI

Álitamál eru málefni sem fólk getur haft ólíkar skoðanir á og mismunandi viðhorf til. Álitamál geta verið allt frá fullyrðingum eins og „íþróttalið A er betra en B“ eða „ostur er vondur“ yfir í flóknari umræður eins og „fátækt fólk er fátækt af því það er ekki nógu duglegt að vinna“ eða „ríkt fólk ætti að borga meira til samfélagsins“.

Markmið

- + Að nemendur geri sér grein fyrir að mannréttindaákvæði geta verið mærgæð og flókin.
 - + Að nemandi velti fyrir sér eigin sjónarhorni, afstöðu og viðhorfum til álitamála.
 - + Að nemandi hlusti á sjónarhorn, afstöðu og viðhorf annarra til álitamála.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni taka nemendur afstöðu til álitamála sem kennarinn les upphátt fyrir bekkinn. Í kennslurýminu eru fjórir staðir merktir „mjög sammála“, „sammála“, „ósammála“ og „mjög ósammála“. Við hverja fullyrðingu sem kennarinn les upphátt færa nemendur sig á þann stað sem samsvarar þeirra afstöðu. Þegar allir hafa raðað sér á sinn stað biður kennari nemendur um að færa rök fyrir sinni afstöðu. Nemendur mega skipta um stað hvenær sem er í umræðunum. Eftir smástund les kennarinn upphátt næstu fullyrðingu og ferlið endurtekur sig.

Hafðu í huga

- + Þegar álitamál eru til umræðu er mikilvægt að ræða með nemendum hvernig skoðanir og viðhorf mótast af gildum okkar. Fyrir hvað viljum við standa og hvernig stýra gildi skoðunum okkar og ákvörðunum?
- + Ekki er minna mikilvægt að brýna fyrir nemendum að hlusta á sjónarhorn annarra án þess að fella dóma. Þannig er mjög mikilvægt að sýna skoðunum og sjónarhornum annarra virðingu með því að hlusta, grípa ekki fram í, vanda sig í svörum og rífa ekki skoðanir annarra niður.

Verkfæri

- + Fjögur blöð sem á stendur „mjög sammála“, „sammála“, „ósammála“ og „mjög ósammála“.

Afurð

Verkefnið grundvallast á því að nemendur taki þátt og færi rök fyrir sinni skoðun.

Hópastærð

3-300

Námsgreinar

Íslenska (tjáning), samfélagsgreinar.

Tímarammi

30-60 mínútur

Undirbúningur

Kennari þarf að útbúa og/eða prenta út og hengja upp fjögur fyrrnefnd blöð.

Fullyrðingar

1. Það er mikilvægara að hafa mat og húsaskjól heldur en frelsi til að tjá sig.
 2. Það er ekki réttur fólks að vinna heldur skylda.
 3. Helsta skylda stjórnvalda er að tryggja að allir íbúar hafi aðgang að vatni og mat.
 4. Rétturinn til hvíldar og frítíma er munaður sem aðeins hinir ríku ættu að hafa efni á.
 5. Stjórnvöld bera ekki ábyrgð á því að koma í veg fyrir að fólk svelti heldur fólkið sjálft.
 6. Það hvernig við komum fram við íbúa landsins kemur ekki öðrum þjóðum við.
 7. Sumir ættu að hafa meiri réttindi en aðrir.
 8. Það fæðist enginn með réttindi.
 9. Það má taka af lífi manneskjur sem hafa framið sérstaklega slæma glæpi.
 10. Einstaklingur sem stelur tölvugögnum til að afhjúpa spillingu á að fara í fangelsi.
 11. Það er skylda lögreglu að handtaka mótmælendur sem hún telur ógna öryggi og friði.
 12. Fólk má alltaf segja það sem það vill af því að við höfum tjáningarfrelsi.
 13. Vfirvöld mega fylgjast með öllum samskiptum borgaranna.
 14. Vfirvöld mega fylgjast með öllum samskiptum borgaranna ef það er til að tryggja öryggi þeirra.
 15. Það er í lagi að svipta fólk mannréttindum, eins og morðingja, hryðjuverkamenn og barnaníðinga.
 16. Það er réttur þjóðar að banna ákveðin tungumál og trúarbrögð ef hún telur það ógna öryggi sínu.
 17. Önnur lönd eiga ekki að skipta sér af því að hjónabönd samkynhneigðra séu bönnuð í ákveðnu landi.
 18. Fjölmiðlar og blaðamenn mega ekki undir neinum kringumstæðum birta leynilegar upplýsingar.
-



19. Stjórnvöld eiga rétt á því að takmarka aðgengi ákveðinna hópa að menntun ef það gengur gegn trúarbrögðum landsins.

20. Nemendur mega ekki klæðast trúarlegum klæðnaði eða bera trúarleg tákni í skólum.

21. Að skylda fólk til að bólusetja sig er brot á mannréttindum.

22. Að skylda fólk í einangrun vegna veikinda er brot á ferðafrelsi þess.

Tilbrigði

A. Þegar nemendur hafa tekist á við fullyrðingarnar gætu þeir ígrundað umræðurnar og verkefnið til dæmis með eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða álitamáli fannst þér erfitt að svara? Af hverju fannst þér það?

2. Var eitthvað sem þú lærðir eða kom þér á óvarf?

3. Breyttist afstaða þín til einhverra álitamála í gegnum umræðurnar?

4. Þurfum við meiri réttindi?

B. Tengdu fullyrðingarnar við mannréttinasáttmálann. Hvaða fullyrðing tengist hvaða ákvæði mannréttinasáttmálans.



MIKILVÆGT TJÁNINGAR- FRELSI, RITSKOÐUN EÐA HATURSFULL SKOÐUN?

Markmið

- + Að nemendur geri sér grein fyrir flóknum og óljósum línunum tjáningarfrelsis.
 - + Að nemendur tjái sig um og taki afstöðu til flókinna tilvika tjáningarfrelsis.
-

Verkefnalýsing

Eitt af mikilvægari ákvæðum Mannréttindasáttmálans er það sem kveður á um frelsi hvers og eins til að tjá hug sinn og skoðanir. Ákvæðið er hins vegar snúið og greinir fólk á um hvað megi segja og hvað ekki. Í þessu verkefni rýna nemendur í nokkur tilvik þar sem línurnar eru ekki alltaf ljósar.

Hver gerir hvað?

Tilvik	Afleiðingar	Viðbrögð
Rappari semur lag þar sem hann líkir konungi landsins við sníkjudýr og heimskan mafíuforingja. Á Twitter líkir hann lögreglunni við nasista sem almenningur þurfi að berjast við.	Rapparin er handtekinn fyrir að móðga og vanvirða konungsfjölskylduna í einu lagi og hvetja til hryðjuverka á Twitter.	Almenningur hópast út á götu til að mótmæla handtöku rapparans. Mótmælin byrja friðsamlega en hluti mótmælenda kveikir í ruslafötum, grýtir lögreglu og fremjur skemmdarverk á byggingum.
Virtur blaðamaður skrifar umfjöllun um tengsl valdamikils viðskiptamanns við einn hæstaréttardómara landsins ásamt gagnrýni á ríkisstjórnina.	Blaðamaðurinn fær hótanir, er handtekinn og dæmdur í fangelsi fyrir að dreifa falsfréttum og ærumeiðingum.	Mannréttindasamtökin Amnesty, Mannréttindavaktin og Blaðamenn án landamæra fordæma handtökuna.
Stjórnmalamaður segir hörundsökkum konum að „fara aftur heim til sín“, að hlýnun jarðar sé ekki til, kallar andstæðing sinn barnaníðing og ver byssueign almennings.	Stjórnmalamaðurinn er tímabundið bannaður á samfélagsmiðlum.	Hópur fólks telur stjórnmalamaninn kynda undir hatur og ofbeldi. Annar hópur hrósar honum.
Fjölmiðill birtir innsendann pistil þar sem höfundur afneitar tilvist transfólks.	Engar afleiðingar fyrir pistlahöfund eða fjölmiðilinn.	Pistillinn vekur upp miklar umræður. Höfundur og pistill fá gagnrýni frá Trans samtökum.
Einstaklingur mótmælir opinberlega innflytjendum og kveikir í Kóraninum.	Mótmælandinn fær lögregluvernd.	Atvikinu mótmælt. Sýrlendingur sem grýtti mótmælandann fær fangelsisrefsingu og er sendur úr landi.

Hafðu í huga

Gott er að kennari lesi tilvikin upp fyrir hópinn. Eftirfarandi punkta má nota til að örva umræðu með nemendum um tilvikin:

-
- + Hvað er skoðun, hvað er gagnrýni, hvað er hatursorðræða. Af hverju? Hvar liggja mörkin?

 - + Hvaða skoðanir, gagnrýni eða orðræðu á að leyfa? Af hverju?

 - + Ætti að banna ákveðnar skoðanir, hugmyndir, gagnrýni eða orðræðu? Af hverju? Af hverju ekki?

 - + Hvenær er rétt að setja tjáningarfrelsinu hömlur og hvernig má koma í veg fyrir ritskoðun?

 - + Skiptir máli hvort það er almenningur eða stjórnvöld sem beita sér þegar ummæli eða hegðun gengur fram af þeim?
-

Afurð

Kennari hefur val um tvær (eða fleiri) leiðir að afurð:

A. Bekkjarumræður. Kennari getur notað tilvikin í þessu verkefni sem undirstöðu fyrir samræður í kennslustund. Gott er að nemendur sitji saman í hring og er hægt að fara í gegnum hvert atriði fyrir sig. Hægt er að lesa eitt tilvik, heyra hugmyndir nemenda um það og hvaða afleiðingar þeim þættu eðlilegar. Lesa svo afleiðingarnar og heyra hvað nemendum finnst um þær og gera þeim að endingu grein fyrir viðbrögðunum. Þá má nýta umræðupunktana úr **Hafðu í huga**.

B. Umræðuhópar. Kennari les upp eitt tilvik í einu fyrir bekkinn og nemendur ræða það í minni hópum út frá umræðupunktunum. Hóparnir gera grein fyrir niðurstöðum sínum.

C. Höfuð – hjarta – samviska. Nemendur geta gert stutta ritun eða tekið upp munnlega ígrundun um valin tilvik með eftirfarandi kveikjur í huga:

- + **Höfuð:** Hvaða pælingar vöknudu upp hjá þér? Hvaða spurningar hefur þú?

 - + **Hjarta:** Hvaða tilfinningar vöknudu hjá þér? Hvað stendur upp úr hjá þér?

 - + **Samviska:** Vöknudu spurningar um réttlæti og ranglæti hjá þér?
-



Viðmið um árangur

- + Ég skil að tjáningarfrelsi er snúið fyrirbæri með ólíkar hliðar.
- + Ég get tekið þátt í umræðum um tjáningarfrelsi.
- + Ég get tjáð mig um ólíkar hliðar tjáningarfrelsis.

Hópastærð

3-20

Námsgreinar

Móðurmál og samfélagsgreinar.

Tímarammi

Ein til tvær kennslustundir,
allt eftir framvindu umræðna.

Undirbúningur

Kennari þarf að fara yfir og útskýra hugtakið „tjáningarfrelsi“ með nemendum áður en vinna og umræður hefjast um tilvikin. [Hér](#) má finna upplýsingar frá Mannréttindaskrifstofu Íslands um tjáningarfrelsið og framkvæmd þess hér á landi.



KYNNTU ÞÉR AÐGERÐASINNANN

Markmið

- + Að kynna sér og kynna fyrir öðrum einn aðgerðasinna.
-

Verkefnalýsing

Aðgerðasinnar eru einstaklingar sem vekja athygli á óréttlæti sem á sér stað í sínu umhverfi og vilja ná fram breytingum til þess að auka réttlæti í heiminum.

Í þessu verkefni kynnir þú þér einn aðgerðasinna (núlifandi eða látinn) og aflar upplýsinga um þann einstakling og málstað aðgerðasinnans. Upplýsingarnar sem þú safnar um einstaklinginn setur þú fram þannig að þú getir kynnt fyrir öðrum svo aðrir fái líka að kynnast þessum aðgerðasinna.

Ásamt því að taka fram grunnupplýsingar um einstaklinginn (svo sem nafn, aldur, uppruna eða heimaland og málefnið sem barist er/var fyrir) er mikilvægt að skoða vel atriðin í Hafðu í huga.

Í byrjun leitar þú á netinu að aðgerðasinum og velur þann sem þú vilt kynna þér nánar og kynna fyrir öðrum. Ef þig vantar hugmyndir að aðgerðasinum eða leitarorðum getur þú notað listana hér fyrir neðan.

Dæmi um aðgerðasinna:

- | | |
|----------------------|------------------------|
| + Gandhi | + Yoko Ono |
| + Martin Luther King | + Michael Moore |
| + Nelson Mandela | + Naomi Klein |
| + Greta Thunberg | + Emma Watson |
| + Malala Yousafzai | + Haukur Hilmarsson |
| + Simone de Beauvoir | + Freyja Haraldsdóttir |
-

Leitarorð sem hægt er að nota:

- | | |
|--|---------------------------|
| + <i>(ensku)</i> activist – aðgerðasinni <i>(íslenska)</i> | + Animal rights activists |
| + Environmental activists | + LGBTQ activists |
| + Feminist activists | |
-

Hafðu í huga

Hver? Veldu þér aðgerðasinna sem vekur áhuga þinn!

- + Veltu fyrir þér hvers vegna þessi einstaklingur vekur áhuga þinn. Er málefnið sem viðkomandi berst eða barðist fyrir eitthvað sem snertir þig? Hvers vegna finnst þér þetta málefni skipta máli? Er þetta óréttlæti enn viðvarandi í heiminum?
-

Hvað? Fyrir hverju berst/barðist aðgerðasinninn?

- + Náttúru- og umhverfisvernd? Réttindum kvenna? Réttindum þeldökkra? Réttindum hinsegin fólks? Réttindum fatlaðra? Velferð dýra? Skoðana- og tjáningarfrelsi? Gegn stríðsrekstri? Fyrir trúfrelsi? Mismunun á grundvelli trúarbragða? Sjálfstæði eða fullveldi þjóðar sinnar?
-

Hvers vegna? Hver var kveikjan að því að einstaklingurinn berst/barðist fyrir þessu málefni?

- + Hefur einstaklingurinn þolað eða upplifað sjálft/sjálf/sjálfur óréttlæti á þessu sviði? Eru hömlur á tjáningarfrelsi í landinu þar sem þessi einstaklingur býr?
-

Hvernig? Hvers konar aðgerðir nýtir/nýtti manneskjan til að vekja athygli á málstaðnum?

- + Mótmaeli, ræður, friðargöngur, hungurverkfall, framboð, byltingar, blaða- eða bókaskrif.
-

Verkfæri

- + Nettengd tölva eða snjalltæki.
- + Þau verkfæri sem afurðir nemenda kalla á.

Afurð

Þú velur afurðina!

Viðmið um árangur

Í verkefninu ...

- + ... eru grunnupplýsingar um einn aðgerðasinna.
 - + ... eru myndir sem sýna manneskjuna og stýðja við kynninguna.
 - + ... er sagt frá **hvaða** óréttlæti manneskjan vekur athygli á.
 - + ... er útskýrt **hvers vegna** einstaklingurinn berst fyrir málefninu.
 - + ... er sagt **hvernig** einstaklingurinn hefur beitt sér í sinni baráttu.
-

Námsgreinar

Móðurmál, erlend tungumál, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

4-6 kennslustundir.



MANNRÉTTINDI EÐA FORRÉTTINDI?

Markmið

- + Að nemendur skynji muninn á forrættindum og mannrættindum.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni færð þú Post-It miða í tveimur litum. Annar liturinn stendur fyrir mannrættindi og hinn fyrir forrættindi. Kennarinn þinn setur upp blöð víðs vegar um stofuna sem á stendur staðhæfing, athöfn eða réttindi. Þú ferð um stofuna með miðana þína og átt að setja miða í viðeigandi lit á viðeigandi blað og skrifa á hann rök fyrir því hvernig þú komst að þessari niðurstöðu.

Hafðu í huga

Sum lífsgæði sem þú býrð við eru langt frá því að vera sjálfsögð fyrir jafnaldra þína í öðrum löndum. Reyndu að setja þig í spor einhvers sem þú þekkir ekki eða býr við allt aðrar aðstæður en þú þegar þú leggur mat á staðhæfingarnar.

Verkfæri

- + Post-It miðar í tveimur ólíkum litum, skriffæri.

Viðmið um árangur

- + Ég skil muninn á mannréttindum og forréttindum.
- + Ég get fært rök fyrir því hvers vegna sum lífsgæði eru mannréttindi og önnur forréttindi.

Hópastærð

Bekkjarverkefni

Námsgreinar

Samfélagsgreinar

Tímarammi

1-2 kennslustundir

Undirbúningur

Kennari prentar út blöð með eftirfarandi staðhæfingum. Athugið að sumar staðhæfingarnar er hægt að rökstyðja á báða vegu og eru þær þannig hugsaðar til að kveikja umræðu í hópnum. Sjálfsagt er að velja úr það sem hentar best eða bæta við ef fleiri hugmyndir fæðast.

Öll börn eiga rétt á að nota tölvu í skólanum.

Öll börn eiga rétt á að nota samfélagsmiðla.

Öll börn eiga rétt á að hitta sálfræðing þegar þeim líður illa.

Öll börn eiga rétt á því að fá lækniaðstoð ef þau eru veik eða slösuð.

Öll börn eiga rétt á að fá mat þegar þau eru svöng.

Öll börn eiga rétt á því að borða það sem þau vilja.

Öll börn eiga rétt á að geta farið í bað eða sturtu.

Öll börn eiga rétt á að æfa íþróttir.

Öll börn eiga rétt á að æfa á hjóðfæri.

Öll börn eiga rétt á að segja sína skoðun.

Öll börn eiga rétt á að sofa út um helgar.

Öll börn eiga rétt á að vaka frameftir.

Öll börn eiga rétt á að leika sér.

Öll börn eiga rétt á að spila tölvuleiki.

Öll börn eiga rétt á að fara í ferðalög.

Öll börn eiga rétt á að hlusta á tónlist.

Öll börn eiga rétt á að læra að lesa.

Öll börn eiga rétt á að hvílast.

Öll börn eiga rétt á að ganga í fötum.

Öll börn eiga rétt á að eiga flott föt.

Öll börn eiga rétt á menntun.

Öll börn eiga rétt á að vinna sér inn peninga

Tilbrigði

Tenging við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kennari getur deilt til nemenda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem finna má á netinu á flestum tungumálum. Nemendur geta haft Barnasáttmálann til hliðsjónar og merkt með númeruðum 'post it' miðum inn á blöðin sem búið er að hengja upp hvaða grein Barnasáttmálans hver fullyrðing fellur undir.



MANNRÉTTINDAVAKTIN

Markmið

+ Að nemendur rannsaki mannréttindabrot í einu landi.

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni farið þið í hlutverk Mannréttindavaktarinnar, stofnunar sem stendur vörð um mannréttindi og vaktar brot á þeim. Verkefni ykkar er að velja eitt atriði úr töflunni hér að neðan og finna þrjú til fimm dæmi um tilvik og staði þar sem þessi réttindi eru ekki virt. Þið hafið val um hvaða leið þið farið við að miðla uppgötvunum ykkar.



Tjáningarfrelsi



Flóttafólk



Staða
LGBTQ+



Dauða-
refsingar



Pyndingar
og ill meðferð



Konur
og stúlkur



Blaðamenn
og fjölmiðlar



Trúfrelsi



Lögreglu-
ofbeldi



Samkomu-
frelsi



Friðhelgi
einkalífsins



Aðgengi
að heilbrigðis-
þjónustu



Stríðsátök



Fátækt
og hungur

Hafðu í huga

- + Í rannsókninni notar þú skýrslur frá Amnesty International og Human Rights Watch sem innihalda upplýsingar yfir stöðu mannréttinda í öllum löndum heimsins (sjá verkfæri hér fyrir neðan).

Verkfæri

- + Vefur Amnesty International um stöðu mannréttinda í heiminum.
- + Skýrsla Human Rights Watch um stöðu mannréttinda í heiminum.
- + Skýrsla Human Rights Watch 2022 um stöðu mannréttinda á heimsvísu á auðlesnu máli.

Afurð

Nemendur hafa frjálssar hendur til að velja framsetningu á verkefninu. Til dæmis geta nemendur sett saman infograph, vef, búið til fréttatíma, glærुकynningu, fræðslumyndband, teiknimyndasögu eða hlaðvarpsþátt.



Viðmið um árangur

- + Ég get dregið saman upplýsingar úr skýrslum og af netinu um mannréttindi í einu landi.
- + Í verkefninu er athygli beint að einum flokki mannréttinda og dæmi tekin um staði og tilvik þar sem þau eru ekki virt.
- + Verkefnið er stutt með dæmum og ljósmyndum.

Hópastærð

2-4 manna hópar

Námsgreinar

Íslenska, erlend tungumál, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

4-6 kennslustundir

Tilbrigði

1. Kannið hvernig staðan í málaflokknum sem þið völduð er á Íslandi og gerið grein fyrir samanburðinum.
2. Veljið ykkur land og kannið hvernig staðan er í 4-6 málaflokkum úr töflunni í því landi.
3. Tengjið atriðin úr töflunni við ákvæði úr mannréttinasáttmálanum. Rökstyðjið mál ykkar.



HUGTAKAVERKEFNI UM BARNASÁTTMÁLANN

Markmið

- + Að nemendur öðlist dýpri skilning á ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni vinnið þið í pörum að því að búa til hugtakakort um ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kennarinn útdeilir til ykkar fjórum til sex ákvæðum úr sáttmálanum sem þið vinnið svo með. Hvert ákvæði á að útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Útskýrið ákvæðið með ykkar eigin orðum.
 2. Takið dæmi þar sem hugtakið kemur fyrir.
 3. Takið dæmi um hvernig ákvæðinu er ekki framfylgt.
 4. Lýsið ákvæðinu með teikningu eða ljósmynd.
-

Hafðu í huga

Á vefnum www.barnasattmali.is finnið þið barnasáttmálann í heild sinni og ýmsar útskýringar við hvert ákvæði sáttmálans.

Þegar allir hafa lokið sínum verkefnum má gera þau sýnileg með því að hengja þau upp á göngum skólans eða gera vegg í skólastofunni með öllum ákvæðum barnasáttmálans.

Verkfæri

+ Tölva eða snjalltæki, karton, skriffæri, litir, skæri, lím o.fl.

Afurð

Hugtakakort (rafræn eða á pappír).

Viðmið um árangur

+ Ég þekki innihald Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og skil tilgang hans.

+ Ég get aflað mér upplýsinga um barnasáttmálann á netinu.

+ Ég get í samvinnu með öðrum útskýrt fjögur til sex ákvæði barnasáttmálans með orðum, dæmum og mynd.

Hópastærð

Paraverkefni

Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar,
upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

2-4 kennslustundir

Undirbúningur

Gott er að kennari byrji verkefnið á að leiða nemendur í gegnum barnasáttmálann og vefsíðuna www.barnasattmali.is. Einnig má benda á [þennan vef](#) þar sem nokkur hugtök sem fram koma í sáttmálanum eru útskýrð.

Til útprentunar

Útskýring	Grein	Dæmi
Mynd/teikning		Ekki dæmi



ÖRSAGA UM ÓRÉTTLÆTI

Markmið

- + Að nemendur kynnist mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.
 - + Að nemendur setji sig í spor fólks sem býr við skert mannréttindi í skapandi ritun.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni dregur þú eina grein úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

-
- Skil ég greinina?** Kynntu þér greinina, aflaðu þér frekari upplýsinga um hana og um hvað hún fjallar. Það er mikilvægt að þú skiljir greinina og hvað hún þýðir. Ef þú ert óviss, óskaðu eftir aðstoð kennara.

 - Fáðu innblástur!** Gáðu hvort þú getir fundið fréttir eða upplýsingar um tilvik þar sem réttindin sem greinin þín fjallar um hafa verið brotin gagnvart einstaklingum eða hópum.

 - Skrifaðu sögu.** Í sögunni setur þú þig í spor einstaklings sem upplifir brot á þeim réttindum sem greinin sem þú dróst á að tryggja honum. Segðu frá umhverfinu sem einstaklingurinn býr í og þeim aðstæðum sem verða til þess að hann er sviptur réttindum sínum.
-

Hafðu í huga

-
- + Leggið ykkur fram um að nota tungumálið og orðin ykkar til að sýna fólk, staði, tilfinningar, upplifanir og framvindu frekar en að segja frá.

 - + Þið getið haft söguna ykkar í 1. eða 3. persónu, nútíð eða þátið; í samtímanum, fortíðinni eða framtíðinni; á Íslandi, í útlöndum, í óræðum eða ímynduðum heimi. Ykkar er valið, en veltið þessu fyrir ykkur og takið afstöðu.

 - + Hafið í huga það sem þið hafið lært um staðalímyndir og forðist að nota þær í skrifum ykkar.
-

Verkfæri

- + Tölva, snjalltæki eða pappír og skriffæri.

Afurð

Örsaga

Viðmið um árangur

-
- + Verkefnið mitt segir frá manneskju sem upplifir brot á mannréttindum sínum.

 - + Í verkefninu kemur fram hvaða grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna brotin sem fjallað er um tilheyrir.
-



Hópastærð

Einstaklingsverkefni

Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar,
upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

1-2 kennslustundir

Tilbrigði

- + Þú getur myndskreytt söguna þína.
- + Þú getur gert myndbandsskreytingu sem tengist sögunni og tekið upp upplestur á sögunni yfir myndbandið.
- + Þið getið gert mannréttindavegg í stofunni ykkar þar sem þið prentið út og hengið upp greinar mannréttinda-
yfirlýsingarinnar og hengið sögurnar ykkar við viðeigandi grein.
- + Þið gætuð líka fundið fréttir á netinu sem fjalla um ýmis mannréttindabrot, prentað þær út og hengt við
viðeigandi grein yfirlýsingarinnar.



KLÍPUSÖGUR UM MANNRÉTTINDI

Markmið

- + Að nemendur komi auga á mannréttindabrot sem þau lesa í klípusögum.
-

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni vinnum við með klípusögur sem segja frá ýmsum mannréttindabrotum. Víðs vegar um heiminn er enn í dag brotið á grundvallarréttindum fólks sem kallast mannréttindi. Í mörgum tilfellum eru mannréttindi brotin á þeim sem óhlýðnast ríkjandi (og óréttlátum) reglum, gagnrýna stjórnvöld eða krefjast réttlætis og umbóta.

Þið vinnið verkefnin saman í 2-3 manna hópum. Kennarinn afhendir ykkur eina klípusögu sem þið lesið saman og vinnið svo í sameiningu verkefni 1 og 2 hér fyrir neðan.

1. Allir hópar gera	2. Hver hópur velur eitt
<p>Tengið við mannréttindayfirlýsingu SB.</p> <p>Endursögn og útskýring á hvaða mannréttindi hafa verið brotin í klípusögunni.</p> <ul style="list-style-type: none"> + Skrifðu 1-2 málsgreinar þar sem þið segið frá því með eigin orðum hvað gerist í klípusögunni. + Skrifðu stutta útskýringu þar sem þið útskýrið hvaða mannréttindi hafa verið brotin og vísið í þær greinar mannréttindayfirlýsingarinnar sem eiga við. + Textinn á að vera samfelldur og ekki meira en 80-100 orð. 	<p>„Nú segjum við stopp!“</p> <p>Þið hafið verið beðin um að skrifa opið bréf fyrir hönd Mannréttindavaktarinnar í fjölmiðla þar sem þið vektið athygli á óréttlætinu.</p> <hr/> <p>Mynd segir meira en 1000 orð.</p> <p>Veljið eina klípusögu sem þið viljið setja fram sem teiknimyndasögu.</p> <hr/> <p>Í Kastljósi kvöldsins.</p> <p>Ímyndið ykkur að þið séuð blaðamenn og takið viðtal við manneskjuna. Semjið handrit að viðtali við hana í klípusögunni og takið svo upp myndband þar sem þið leikið viðtalið.</p>

Verkfæri

- + Útprentaðar dæmisögur og mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.
- + Blöð, skriffæri, litir, skæri.
- + Tölva eða snjalltæki með neti.

Afurð

Hver hópur skilar:

1. Stuttri ritun með endursögn á klípusögunni og tengingu við mannréttindasáttmálann.
2. Einu valverkefni.

Viðmið um árangur

- + Ég get rýnt í dæmisögur um mannréttindabrot og útskýrt þau með tilliti til mannréttinasáttmálans.
- + Ég sýni skilning minn á dæmisögunum, brotunum og sáttmálanum með skapandi hætti í einu valverkefni.
- + Ég get unnið með öðrum í hóp og bent á mitt framlag til verkefnisins.

Hópastærð

Hópverkefni. Nemendur vinna 2-3 saman.

Námsgreinar

íslenska, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

Tímarammi

2-4 kennslustundir

Undirbúningur

1. Kennari afhendir hverjum hópi eitt eintak af mannréttinasáttmálanum (útprintað eða rafrænt) eða dreifir til þeirra rafrænt.
2. Kennari prentar út dæmisögurnar á næstu síðu og afhendir hverjum hópi eina dæmisögu. Það er í lagi að fleiri en einn hópur vinni með hverja sögu.

Í verkefninu „Örsaga um óréttlæti“ er hlekkur á einfaldaða útgáfu af mannréttindayfirlýsingunni sem þarf að setja upp og hægt væri að notast við í þessu verkefni.

Tilbrigði

- + Takið lengri tíma í verkefnið og látið alla hópana vinna með a.m.k. 3 sögur og allar leiðirnar í valverkefnunum.
- + Semjið ykkar eigin klípusögur þar sem mannréttindi eru brotin og tengið við mannréttindayfirlýsinguna.

Þú ert blaðamaður. Þú skrifaðir umfjöllun í fjölmiðilinn sem þú vinnur hjá sem gerði mjög valdamikinn einstakling reiðan. Nokkrum dögum eftir að umfjöllunin birtist réðust einstaklingar inn á heimili þitt og rændu þér. Þú varst lamin/n og sett/ur í einangrun. Þér hefur verið haldið í marga mánuði og enginn veit hvar þú ert.

Þú ert mótmælandi. Þú hefur staðið fyrir mótmælum gegn nýjum lögum í landinu sem banna stúlkum að ganga í skóla og hjónabönd samkynhneigðra. Yfirvöld í landinu hafa bannað öll mótmæli og segja að lögin séu til að virða trúarbrögð meirihlutans í landinu sem segja að stúlkur skuli ekki menntast. Í kjölfarið hefur þér verið bannað að ferðast frá landinu.

Þú ert starfsmaður í verksmiðju. Nýlega innleiddi fyrirtækið reglur sem lengja vinnutíma starfsmanna og stytta matarhlé. Þú hefur vakið athygli á því að launin sem fyrirtækið greiðir dugi ekki til kaupa helstu nauðsynjar. Nokkrum sinnum hefur eldur komið upp í verksmiðjunni og starfsmenn dáði en fyrirtækið hefur ekki enn gert úrbætur.

Þú ert fyrrverandi starfsmaður í varnarmálaráðuneyti. Ástæðan fyrir því að þú hættir er sú að þú komst að því að ráðuneytið beitti pyntingum og njósnum um almenning. Þú sagðir blaðamanni frá og núna á að handtaka þig fyrir landráð. Þú hefur flúið land vegna þess að þú átt yfir höfði þér dauðadóm en landið sem þú flúðir til vill senda þig til baka.

Þú ert íbúi í fátæku hverfi. Vatnið sem rennur til íbúa er mengað eftir að fataverkmiðja hóf að losa úrgang út í umhverfið og eittraðan reyk liggur yfir hverfið. Þú finnur fyrir miklum veikindum í þessum aðstæðum en heilbrigðisþjónusta er hvergi nálægt. Vegna fátæktar þinnar neyðist þú til að sleppa skóla til afla tekna fyrir fjölskylduna.

BINGO

MANNRÉTTINDABINGÓ

Markmið

+ Að nemendur efli þekkingu sína á mannréttindum og birtingarmyndum þeirra.

Verkefnalýsing

Í þessu verkefni reyna nemendur á þekkingu sína á mannréttindum með því að spila einfalda útfærslu af spurningaleik um mannréttindi.

1. Bingó

Kennari afhendir nemendum hverju um sig eitt útprentað bingóspjald. Í leiknum eiga þau að ganga um stofuna (eða skólann) og finna annan meðspilara til að spyrja einnar spurningar á blaðinu. Í viðeigandi reit skrifa nemendur nafn þess sem gat svarað og svarið við spurningunni. Nemendur finna sér svo annan meðspilara til að spyrja og svo koll af kolli. Þannig þurfa nemendur að fá nýjan einstakling til að svara hverri spurningu. Fyrstur til að fá svar í hvern reit kallar „BINGÓ” og er sigurvegari.

2. Umræður

Þegar flestir hafa náð að fylla út sitt bingóspjald hefjast umræður og farið er yfir reitina. Nemendur gera grein fyrir svörum sínum og kennari skráir þau á töflu eða skjá. Kennari getur spurt nemendur hvaða spurningum þeim fannst erfitt að svara eða auðvelt. Voru einhver svör sem nemendur voru ósammála um að væru mannréttindabrot?

Verkfæri

+ Bingóspjald og skriffæri.

Afurð

Útfyllt bingóspjald og umræður.

Viðmið um árangur

+ Ég get þekkt dæmi um mannréttindi.

+ Ég get deilt þekkingu minni á mannréttindum.

Hópastærð

Einstaklings og paraverkefni

Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar.

Tímarammi

1-2 kennslustundir

Undirbúningur

Áður en leikurinn hefst þarf kennari að ljósrita bingóspjöld fyrir nemendur. Einnig er mikilvægt að kennari byrji á að rifja upp með nemendum það sem þau hafa lært um mannréttindayfirlýsingu SP og barnasáttmálann.

BINGO

Heiti yfirlýsingarinnar þar sem tekin eru fram mannréttindi.

Sáttmálinn þar sem fram koma réttindi barna.

Samtök sem beita sér fyrir mannréttindum fólks.

Dæmi um aðildarríki Mannréttinda-sáttmálans.

Dæmi um brot á réttinum til lífs.

Dæmi um mismunun.

Réttindi sem konum er sumstaðar neitað um.

Dæmi um ríki sem fremur mannréttindabrot.

Dæmi um brot á réttinum til einkalífs.

Réttindi sem hinsegin fólki er sumstaðar neitað um.

Réttindi sem blaðamönnum er sumstaðar neitað um.

Dæmi um brot á réttinum til frelsis frá pyntingum.

Dæmi um réttindi sem börn hafa.

Dæmi um réttindi sem fatlaðir hafa.

Dæmi um aðstæður sem skapa góð lífsskilyrði.

Dæmi um brot á ferðafrelsi.